

100/01 - Kaldbakur EA-1

Kaldbakur EA-1, skipverji fellur og slasast á fæti

Kaldbakur EA-1

Skipaskr.nr.: 1395

Smíðaður: San Juan Spáni 1974 Stál

Stærð: 941,00 brl; 1.330,00 bt

Lengd: 68,66 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

Vél: MaK 2.088,00 kW **Árgerð:** 1974

Annað:

Földi skipverja: 18



Atvikalýsing

Þann 14. nóvember 2001 var b/v. Kaldbakur EA-1, að togveiðum 22 sml. norður af Straumnesi. Veður: SV 15 til 18 m/sek.

Um kl. 10:30 voru tveir skipverjar að í fiskilest skipsins að taka á móti fiski og ganga frá honum til geymslu í kör. Körunum var raðað í lestina þannig að handhægt var að standa að vinnunni. Á nokkrum stöðum í lestinni eru burðarsúlur, sem valda því að röð karanna raskast. Þar eru tóm kör sett uppá hlið til að forða því að sláttur geti komið á stæðuna. Annar skipverjinn hafði lokið við að raða hæfilega miklu af fiski í kar og var að ísa á milli laga. Við það stóð hann upp á kari við súluna sem stóð upp á rönd. Hann mokaði þannig úr ískarinu og þegar því var lokið snéri hann sér við og ætlaði að stíga ofan af karinu en rann þá til og vinstri fótur hans festist á milli kara og hann féll fram fyrir sig.

Við rannsókn kom fram

- að mjög hált er á körunum þegar ís hefur sálðrast á þau;
- að nokkur veltingur var á skipinu;
- að um 20 sm bil er á milli karana við súluna;
- að vinstri fóturinn lenti niður með "lyftara skíðunum".

Nefndarálit

Nefndin telur ekki ástæðu til að álykta í þessu máli.